

Ábendingar verkefnisstjórnar 4.áfangarammaáætlunar

um Skýrslu starfshóps um samspil vindorku og rammaáætlunar, Frumvarp til laga umm breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), og Tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands

Verkefnisstjórn hefur að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytis farið yfir ofangreind skjöl og kemur hér á framfæri ábendingum um helstu þætti sem hún telur að þarfist úrbóta.

1. Verkefnisstjórn vill í upphafi gera alvarlega athugasemd við að ekki var haft formlegt samráð við verkefnisstjórn áður en tillögur voru birtar í samráðsgátt. Þetta vinnulag er óásættanlegt, ekki síst í ljósi þess hlutverks sem verkefnisstjórn er ætlað við framkvæmd tillagnanna.
2. Verkefnisstjórn styður í grunninn það markmið lagasetningarinnar að einfalda eins og kostur er ferli við mat á vindorkukostum. Ábendingar verkefnisstjórnar endurspegla að hlutverk rammaáætlunar er að meta möguleg áhrif virkjunar frá mismunandi sjónarhólum. Hún er mikilvægt verkfæri sem er ætlað að meta áhrif virkjunar á mismunandi haghafa og vega þau hvert á móti öðrum áður en komist er að niðurstöðu með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Verkefnisstjórn telur brýnt að taka áfram tillit til mismunandi hagsmuna við stefnumótun og forgangsröðun virkjanaf framkvæmda.
Reynslan sýnir að fjölþætt mat tefur ekki afgreiðslu rammaáætlunar því mismunandi faghópar vinna samtímis að matinu og ljúka því á sama tíma.
3. Verkefnisstjórn telur að vindorka verði mikilvægur orkukostur á Íslandi, sem mun gegna vaxandi hlutverki á komandi árum. Jafnframt bendir verkefnisstjórn á nauðsyn þess að vanda til verka þegar verklag við ákvörðun um staðsetningu vindorkuvera er ákveðið. Vindmyllur geta verið mjög stór mannvirki sem munu hafa veruleg áhrif á ásýnd lands. Skýr og heildstæð stefna stjórnvalda sem tekur tillit til mismunandi en mikilvægra sjónarmiða er lykilatriði.
4. Verkefnisstjórn telur að vinna þurfi betur þau kort sem birt eru í kortasjá með tillögum starfshópsins. Dæmi um slíkt er að nýta þarf fyrirbyggjandi gögn um landslag mun betur t.d. varðandi sýnileika vindorkuvera.
5. Verkefnisstjórn telur að með réttum undirbúningi megi hraða ákvörðun um leyfi til að reisa vindorkuver. Skilgreina þarf vel hvaða upplýsingar virkjunaraðilar þurfa að láta fylgja umsókn um vindorkukosti. Reynslan sýnir að öflun nauðsynlegra gagna er tímafrekasti þátturinn í starfi rammaáætlunar, eftir að verkefnisstjórn hefur fengið virkjanakosti í hendur. Ástæður þess eru m.a. að á ýmsum sviðum skortir grunn gögn um íslenska náttúru

6. Í þingsályktunartillögum eru svæði 1 og 2 skilgreind út frá breytum sem varða náttúrufar, en hvorki er vikið að áhrifum á íbúa né áhrifum á mikilvæga atvinnuvegi eins og ferðaþjónustu. Verkefnisstjórn telur brýnt að við skilgreiningu á svæði 2 verði tekið tillit til áhrifa á samfélög og atvinnuvegi.
7. Flokkun lands samkvæmt þingsályktunartillögum þarf að byggja á vel skilgreindum forsendum, góðri þekkingu á náttúrufari og menningarminjum, og skilningi á áhrifum vindorkumannvirkja á samfélög, byggð og atvinnuvegi þjóðarinnar. Mikilvægt er að hraða rannsóknum á þessum sviðum til að undirbyggja sem best flokkun landsvæða.
8. Hraða þarf endurskoðun á C-hluta náttúruminjaskrár hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en í kjölfar hennar má búast við nýjum tillögum á B-hluta náttúruminjaskrár sem hafa munu áhrif á flokkun svæða.
9. Þar sem vindmyllur hafa áhrif á fuglalíf er brýnt að styðja rannsóknir á útbreiðslu fugla og bæði far- og ferðaleiðum þeirra hér á landi, en slíkar upplýsingar liggja enn ekki fyrir í þeirri upplausn sem þarf til að meta einstök vindorkuver.
10. Verkefnisstjórn minnir á að í skosku landskipulagsstefnunni falla svæði með kolefnisríkum jarðvegi, djúpum mójarðvegi og sérstökum mólendisvistkerfum (priority peatland habitat) undir 2. flokk. Lagt er til að farið verði að fordæmi Skota hvað þetta varðar.
11. Sökum mikils sýnileika geta vindmyllur auðveldlega haft áhrif langt út fyrir mörk þess sveitarfélags þar sem þær eru staðsettar. Vindorkuver getur verið þannig í sveit sett í landslagi að það sé mun sýnilegra frá nágrennasveitarfélagi en heimasveitarfélagi. Þannig getur nágrennasveitarfélagið orðið fyrir mun meiri áhrifum án þess að hafa aðkomu að ákvörðun um byggingu vindorkuversins. Huga þarf að þessu þegar stjórnýsla vindorkumála er ákveðin.

Athugasemdir við einstakar greinar þingsályktunartillögunnar:

Í grein 1.1. sem fjallar um svæði 1 segir: „Um svæði sem falla undir þennan flokk skal gilda skýr stefna um vernd fyrir orkuvinnslu í vindorku umfram 10 MW samkvæmt tillögu þessari þannig að slík uppbygging verði ekki heimiluð innan þeirra.“

Verkefnisstjórn bendir á að 10 MW viðmið sem í gildi er um raforkukosti og meðferð í rammaáætlun er að mörgu leyti óheppilegt. Því er þörf á skýrri stefnu um alla orkuvinnslu í vindorku, sérstaklega á svæðum sem falla í flokk 1.

Gr. 2.2. Svæði innan 10 km nágrennis friðlýstra svæða í flokki 1.

Ákvæði um 10 km jaðarsvæði (e. buffer zone) utan um friðlýst svæði er mikilvægt og í samræmi við t.d. leiðbeiningar UNESCO um svæði á Heimsminjaskrá. Háar vindmyllur geta þó verið sýnilegar í mun meiri fjarlægð en 10 km; þannig hefur NatureScot t.d. lagt til að sýnileikagreiningar vegna vindorkuvera miðist við 40 km radíus út frá framkvæmdasvæði. Ljóst er að sýnileiki er mjög misjafn eftir landslagi og öðrum aðstæðum. Æskilegt væri að þessi mörk væru ekki meitluð í stein, heldur væri möguleiki á að taka tillit til aðstæðna. Stundum geta þau verið þrengri, en stundum þurfa þau að vera víðari.

Gr. 2.5 Möguleiki þyrfti að vera á að taka tillit til aðstæðna við ákvörðun helgunarsvæðis fyrir friðlýstar menningarminjar. 100 m helgunarsvæði getur verið of lítið, t.d. þegar um er að ræða minjaheildir og friðlýst menningarlandslag.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 segir í 2 mgr b.liðar: „við umfjöllun um virkjunarkosti innan svæðis í þessum flokki [2. flokki] **getur** verkefnisstjórn leitað til faghópa eftir þörfum...” Í faghópum eru helstu sérfræðingar landsins á þeim sviðum sem meta þarf og þeirra þátttaka er lykilatriði í faglegu mati á virkjunarkostunum - enda segir í núgildandi lögum (10. gr.): „Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu”. Verkefnisstjórn telur óþarft að taka fram að hún **geti** leitað til faghópa. Það á að vera sjálfsagt.

Í 3. grein frumvarpsins lið b (10 gr b) segir að umsögn verkefnisstjórnar skuli liggja fyrir innan 12 vikna eftir að umsóknin berst frá Orkustofnun, enda hafi umsækjandi skilað inn þeim gögnum sem kveðið er á um í reglugerð. Við mælum eindregið gegn því að tímaramminn sé festur, því aðstæður til að framkvæma matið og mögulega að afla nauðsynlegra viðbótargagna geta verið mjög breytilegar. Auk þess geta margir kostir borist á svipuðum tíma. Vorið 2020 fékk verkefnisstjórn senda 34 vindorkukosti frá Orkustofnun á 8 vikum, og þar af 26 kosti á sama tíma. „ömögulegt hefði verið að afgreiða þá alla á 12 vikum.

--

Verkefnisstjórn vill ítreka mikilvægi þess að vandað sé til verka við lagasetningu um meðferð vindorkukosta á Íslandi. Um leið og þessi nýi orkugjafi getur gegnt mikilvægu hlutverki í orkubúskap þjóðarinnar á komandi áratugum er brýnt að gæta að því að hann rýri ekki aðrar mikilvægar auðlindir þjóðarinnar. Einmitt vegna þess að vindurinn er ekki staðbundin og takmörkuð orkulind eru góðir möguleikar á að finna vindorkuverum viðeigandi stað á Íslandi.